



13. júní 2024

### Varðar: Nýlendugata 34 – fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. maí 2024 var lögð fram fyrirspurn Elínar Hansdóttur, dags. 21. apríl 2024, um að setja sólskála við húsið á lóð nr. 34 við Nýlendugötu, samkvæmt skissum, ódags. Einnig er lagður fram tölvupóstur Elínar Hansdóttur, dags. 17. maí 2024, með ítarlegri lýsingu á fyrirspurn.



*Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*



*Deiliskipulag*



*Götumynd tekin af Já.is*

## Skipulag í gildi

*Aðalskipulag:* Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Húsið er staðsett á skilgreindu íbúðarsvæði ÍB10, Framnes í borgarhluta 1 Vesturbær.

*Deiliskipulag:* Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 8. nóvember 2007 með síðari breytingum.

## Umsögn

Húsið við Nýlendugötu 34 timburhús á þrem hæðum sem var byggt árið 2021 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna fyrirspurnar um hvort að heimilt sé að girða af sérafnotaflöt íbúðar á jarðhæð, fnr. 2354382, og koma fyrir sólskála eða frístandandi gróðurhúsi á reitnum. Reiturinn er um 9 m<sup>2</sup>.

Í tölvupósti dags. 17. maí 2024 fjallar umsækjandi um að sá sérafnotareitur sem fylgir íbúðinni sinni nýtist illa vegna mikillar umferðar gangandi vegafarenda auk og óöryggis m.a. vegna innbrota og tilrauna til innbrota á hurð sem opnast út á sérafnotareitinn. Vill umsækjandi því girða af og koma fyrir sólskála eða garðskýli á sérafnotareitnum til þess að hann nýtist betur.

## Niðurstaða

- ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að girða af sérafnotaflöt og koma fyrir sólskála eða garðskýli.

f.h. skipulagsfulltrúa í Reykjavík,

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar, verkefnastjóri